

Auglýsing

Nr. 13
3. júlí

um

breyting á reglugjörð fyrir Háskóla Íslands 9. okt. 1912.

Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands hefir Hans hátign konunginum í dag allramildilegast þóknast að staðfesta eftirfylgjandi

breyting á reglugjörð

fyrir

Háskóla Íslands

9. október 1912:

1. 29. gr. 4. töluliður orðist svo:

4. *Sjúkdómafræði*. Kenslan er bókleg og verkleg. Skal nota við hana eftir föngum sýnishorn af sjúkum líffærum. Auk almennrar sjúkdómafræði skal kenna aðalatriðin í sjúkdómafræði líffæranna. Verklega skal æfa nemendur í rannsókn dánarorsaka.

Í sóttkveikjufræði skal kenna aðalatriðin. Kenslan er bæði bókleg og verkleg.

2. 49. gr. 4. málsgrein III. falli burtu.

Á eftir b IV í 6. málsgrein komi:

V. *Sjúkdómafræði* (pathologia).

3. Aftan við 49. gr. bætist:

Próf í sjúkdómafræði er bæði munnlegt og verklegt. Ákvæðin um tilhögun prófsins koma til framkvæmda í fyrsta sinn, er stúdentar taka fyrri hluta læknaprófs eftir að reglugjörðarbreytingin hefir öðlast staðfestingu.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins 3. júlí 1912.

Jón Magnússon.

Björn Þórðarson
settur.